

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og
menningarmálaráðuneyti



Bragi Guðmundsson
Trausti Þorsteinsson

Gát sf
2019

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og
menningarmálaráðuneyti

© Gát sf. Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra.
Úttekt.

Unnin að ósk Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Mynd á forsíðu: Trausti Þorsteinsson

ISBN 978-9979-0-2312-8

Heildarniðurstöður

- Einkunnarorð FNV „Vinnusemi – virðing – vellíðan“ eru öll útfærð stuttlega í skólánámskrá. Hún veitir notadrjúgar upplýsingar um starfsemi og skipulag skólans, stefnuskjöl eru greinargóð og starfslýsingar virðast í alla staði fullnægjandi.
- Lítil reynsla er komin á skipurit FNV sem unnið var í samráði við Gallup og gert til að bæta ýmis innri málefni skólans. Helstu markmið voru þau að hafa jafningjastjórnun að leiðarljósi og efla millistjórnendur.
- Sjálfsmat fer fram með reglubundnum hætti í FNV og sjálfsmatsskýrslur og áætlanir um sjálfsmat eru birtar opinberlega. Sérstakt matsteymi annast sjálfsmatið. Tímasett umbótaætlun með skilgreindum ábyrgðaraðilum er sett fram í lok sjálfsmatsskýrslu.
- Námsframboð í FNV er fjölbreytt miðað við stærð skólans. Flestir nemendur stunda bóknám til stúdentsprófs en aðsókn er misjöfn í annað nám. Allar námsleiðir eru vel skilgreindar á heimasíðu skólans og þar er greinargott yfirlit um skipan þeirra.
- Kennarar með kennsluréttindi annast kennslu í langflestum áföngum. Starfsmannavelta er fremur lítil og starfsaldur margra kennara tiltölulega hár.
- Aðstaða til náms og kennslu er góð en húsnaði í málmiðn er þröngt. Allir aðilar eru sammála um að bókasafn skólans sé gott og þjónusta þess til fyrirmyndar. Til viðbótar skólahúsnaði á Sauðárkróki eru dreifnámsstofur á Blönduósi, Hvammstanga og Hólmavík. Þar sækja nemendur kennslu í gegnum myndfundabúnað.
- Almennt ríkir góður andi í skólastofum, vinnufriður er þökkalegur en dálítið misjafn eftir námshópum og kennurum. Samskipti nemenda innbyrðis og við kennara eru alla jafna góð.
- Kennarar segja kennsluhætti fjölbreytta, þeir taki mið af ólíkum þörfum nemenda og að reynt sé að ýta undir frumkvæði og sjálfstæða hugsun. Nemendur segja bóknámið einsleitt og að fjölbreytni í kennsluháttum sé lítil. Innlagnir eða glærustuddir fyrirlestrar kennara séu ríkjandi kennsluform og síðan unnið með verkefni upp úr námsefninu. Í verknáminu nálgist kennarar viðfangsefnin á fjölbreyttari hátt.
- Ástundun nemenda virðist vera talsvert ábótavant í FNV og enginn árangur hefur náðst í því að minnka brotthvarf frá námi. Brotthvarfshlutfallið helst þó innan þess markmiðs, 6,6%, sem sett er í viðauka með gildandi skólasamningi.
- Námsmatsreglur FNV hafa verið óbreyttar frá ársbyrjun 2012. Í framkvæmd er námsmat blanda af ýmiss konar símati, úrlausn verkefna og prófum. Gott samkomulag er um framkvæmd þess innan skólans en lítil formleg umræða fer fram um það og þróun þess.
- Hvatning til endurmenntunar kennara er næg og reynt er að greiða götu þeirra til starfsþróunar eftir því sem kostur er.
- Áhrif foreldrafélags eru hverfandi innan skóla. Skólinn vill eiga gott samstarf við félagið en upplýsingastreymi á milli aðila er lítið.
- FNV hefur virk tengsl við Hólaskóla og atvinnulífið en hann hefur hvorki sett sér markmið um brautskráningarhlutfall né ásættanlegar framfarir í námi. Skólinn aflar ekki reglubundinna upplýsinga um gengi brautskráðra nemenda.
- FNV hefur verið þátttakandi í verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli frá árinu 2011 og í heilsustefnu hans er bæði lögð áhersla á hollt mataræði fyrir nemendur og starfsmenn í sameiginlegu mötuneyti.

Efnisyfirlit

Heildarniðurstöður	3
Inngangur	6
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	8
Viðmið og vísbendingar	17
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag	17
1.1. Um stefnu og áætlanir	17
1.2. Um stjórnendur	17
1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur	18
1.4. Um innra mat	18
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð	19
2.1. Um nám og kennslu	19
2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur	19
2.3. Um námsmat	20
2.4. Um kennara	20
2.5. Um námsgögn	21
Þáttur 3: Samskipti og líðan	22
3.1. Um skólabrag	22
3.2. Um samskipti í skólastofunni	22
3.3. Um félagslíf nemenda	23
3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn	23
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf	23
Þáttur 4: Húsnaði og aðbúnaður	25
Þáttur 5: Lykilárangur	26
5.1. Um námsárangur	26
5.2. Um árangur í grunnþáttum	26
5.3. Um langtímaárangur	27
Viðauki	28
Umsögn ytri matsaðila um stjórnun og skipulag (styrkleikar/tækifæri til umbóta)	28
Umsögn ytri matsaðila um kennslu og námsframboð (styrkleikar/tækifæri til umbóta)	32
Umsögn ytri matsaðila um samskipti og líðan (styrkleikar/tækifæri til umbóta)	35
Umsögn ytri matsaðila um skólahúsnaði og aðbúnað (styrkleikar/tækifæri til umbóta)	39
Umsögn ytri matsaðila um lykilárangur (styrkleikar/tækifæri til umbóta)	41
Viðauki: Heimildir og tilvísanir	43

Myndir

Mynd 1. Fjöldi nemenda vor og haust 2014–2018.....	8
Mynd 2. Þróun í innritun nýnema að hausti 2014–2018.....	9

Töflur

Tafla 1. Hlutfallsleg skipting nemenda eftir landssvæðum.....	9
Tafla 2. Fjöldi nemenda í dreifnámi eftir kennslustöðum.....	10
Tafla 3. Námsbrautir sem í boði voru haustið 2018.....	11
Tafla 4. Fjöldi nemenda á námsbrautum FNV 2014–2018 eftir kynjum.....	11
Tafla 5. Mætingar haust 2017 og vor 2018.....	12
Tafla 6. Brotthvarf haust og vor 2014–2018.....	12
Tafla 7. Fjöldi brautskráðra eftir námsbrautum 2014–2018.....	13
Tafla 8. Fjöldi og stöðugildi starfsfólks Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra haustið 2018. ...	13
Tafla 9. Menntun kennara.....	14
Tafla 10. Starfsmannavelta 2014–2018.....	14

Inngangur

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður úttektar á starfsemi Fjölbautaskóla Norðurlands vestra (FNV). Hún skiptist í tvo hluta. Annars vegar eru helstu tölulegar upplýsingar um skólann og hins vegar niðurstöður úttektaraðila um fimm tilgreinda matsþætti samkvæmt viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytri úttektir á framhaldsskólum. Við matið er litið til laga, reglugerða og aðalnámskrár eftir því sem við á.

Menntamálastofnun fól Gát sf. að annast úttektina skv. samningi dags. 12. september 2018. Sérfræðingar sem að úttektinni komu og skýrsluskrifum voru Bragi Guðmundsson, prófessor við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, og Trausti Þorsteinsson, dósent við sama svið og skóla.

Í samningi Menntamálastofnunar og Gátar sf. er úttekt á starfsemi FNV sögð felast í „sjálfstæðu mati á þáttum sem teknir eru út, gerð tillagna um úrbætur og skýrslu um verkefnið.“ Að auki er tilgreint að markmiðið sé að meta starfsemi skólans „með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemina.“ Þá segir að verktaka beri að meta helstu styrkleika og veikleika í starfsemi skólans og gera „tillögur um hvaðeina sem hann telur að gæti horft til bóta“ í starfseminni. Í úttektarleiðbeiningum eru nánari fyrirmæli og þar kemur fram að horfa beri sérstaklega til eftirfarandi þátta: Stjórnun og skipulag, kennsla og námsframboð, samskipti og líðan, húsnæði og aðbúnaður og lykilarangur. Meginkaflaskipan skýrslunnar fylgir í öllum aðalatriðum þessum fyrirmælum Menntamálastofnunar.

Mati úttektaraðila er ætlað að grundvallast að miklu leyti á sjálfsmati FNV sem unnið var í aðdraganda ytri úttektar. Í bréfi Menntamálastofnunar til skólameistara FNV, dags. 11. júní 2018, var vísað til sjálfsmatsviðmiða stofnunarinnar þar sem segir m.a.:

Á háskólastigi er löng hefð fyrir því að fyrsti liður í ytra mati sé sá að krefja skóla um ítarlega sjálfsmatsskýrslu þar sem fjallað er um sömu efnisatriði og verða í framhaldinu tekin fyrir við ytra mat. Ytra mat felst þá í því að meta hversu vönduð og heiðarleg skýrslugjöfin er. Tilgangur heimsóknar matsmanna til skóla og skýrslu um ytra mat snýst að verulegu leyti um að bregðast við og staðfesta það sem fram kemur í sjálfsmatsskýrslu skóla. Skóli fær skýrsludrög til athugunar áður en hún er birt opinberlega. Með þessu móti verður „samræða“ milli skóla og ytri matsaðila mun markvissari en ef skólaheimsókn er óundirbúin.

Á öðrum stað í viðmiðunum segir um þátttakendur í sjálfsmati skóla:

Mikilvægt er að sem flestir sem láta sig varða um starfsemi skóla komi að sjálfsmati á einn eða annan hátt, svo sem með því að móta áherslur í sjálfsmatinu, svara spurningakönnunum eða sitja í sjálfsmatshópi. Mikilvægt er að fulltrúar allra hópa innan skólans og helstu hagsmunaaðila utan hans komi að sjálfsmatinu til þess að skólinn sé metinn frá mismunandi sjónarhólum; nemendur, kennarar, stjórnendur og annað starfsfólk. Einnig ætti að fá utanaðkomandi hagsmunaaðila, s.s. foreldra, fulltrúa grunnskóla á svæðinu, háskólasamfélagsins eða atvinnulífs, til að taka þátt.

Á þetta var minnt í nefndu bréfi Menntamálastofnunar og sagt að leiðbeiningunum um framkvæmd sjálfsmats sé ætlað „að auðvelda skólum að taka saman sjálfsmatsskýrslu í tilefni af ytri úttekt.“ Skólinn brást við með því að skipa sjö vinnuhópa innanhúss sem hver um sig fjallaði um tíu til þrettán vísbendingar. Allir hóparnir voru skipaðir bæði kennurum og öðrum starfsmönnum skólans nema einn, þ.e. hópurinn sem fjallaði um vísbendingar 34–43 er lúta að kennurum og námsgögnum. Þann hóp skipuðu aðeins kennarar. Yfirstjórn skólans tók ekki þátt í matinu. Auk þessara sjö hópa fékk stjórn nemendafélagsins drjúgan hluta vísbendinganna til umfjöllunar og kom það í hlut hennar (sex einstaklinga) að vinna það verk.

Það varð því niðurstaðan að skólinn sendi frá sér tvíþætt álit á þeim vísbendingum sem metnar eru og ytri matsaðilar telja rétt að hrófla á engan hátt við þeirri framsetningu. Litlar sem engar skýringar og/eða athugasemdir fylgdu niðurstöðum matsaðila skólans.

Gagnaöflun úttektaraðila fór fram með þrennum hætti: Í fyrsta lagi var heimasíða skólans könnuð og þangað sóttar upplýsingar um skipulag hans og starfsemi. Í öðru lagi var óskað upplýsinga um tiltekin atriði með bréfi til skólameistara FNV, dags. 24. september 2018 (fylgiskjal 1). Við þeim óskum var brugðist vel. Í þriðja lagi fóru úttektaraðilar í heimsókn í skólann dagana 15.–16. nóvember 2018. Markmiðið var að kynnst skólanum og skólastarfinu af eigin raun og taka ítarleg viðtöl við hlutaðeigandi. Í þeim viðtölum var stuðst við viðtalsramma og voru samtölin hljóðrituð með góðfúslegu leyfi viðmælenda.

Viðtöl voru tekin við samtals 49 einstaklinga á vettvangi: Skólameistara, aðstoðar-skólameistara, deildarstjóra, áfangastjóra, fjármálastjóra, náms- og starfsráðgjafa, forstöðumann bókasafns, verkefnisstjóra dreifnáms, umsjónarmann fjarnáms, rýnihóp sjálfsmats, skólafulltrúa, fulltrúa skólanefndar, formann foreldrafélags, stjórn nemendafélags, félagsmála- og forvarnarfulltrúa, umsjónarmann fasteigna, umsjónarmann heimasíðu, heimavistarstjóra og forstöðumann mötuneytis. Þá voru tekin rýniviðtöl við tvo hópa kennara og einn hóp nemenda.

Leitað var eftir því við formann nemendafélagsins að boða stjórn þess til viðræðna við úttektaraðila og jafnframt að annast myndun rýnihóps nemenda. Sams konar ósk var send trúnaðarmanni kennara og hann beðinn um að tilnefna einstaklinga í rýnihópa. Sérstaklega var beðið um að hóparnir spegluðu vel þá breidd sem í skólanum er með tilliti til kynferðis, námsframboðs og áherslna í námi. Þetta gekk allt eftir.

Niðurstöður úttektarinnar skiptast í tvo meginkafla. Í þeim fyrri er gerð grein fyrir ýmsum tölulegum upplýsingum um Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Meðal annars er fjallað um fjölda nemenda og þróun aðsóknar að skólanum, samsetningu nemendahópsins, brotthvarf, námsbrautir og brautskráningu. Einnig er fjallað um kennara skólans, fjölda þeirra, menntun, starfsmannaveiltu og starfsaldur. Loks er sagt frá viðbrögðum skólans við þeim tillögum að umbótaaðgerðum sem settar voru fram í ytri úttekt er gerð var á starfsemi hans árið 2013 á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Í síðari aðalkaflanum er mat úttektaraðila á þáttunum fimm: stjórnun og skipulagi, kennslu og námsframboði, samskiptum og líðan, húsnaði, og aðbúnaði og lykilárangri. Matið er sett fram í formi greiningar á styrkleikum og tækifærum til umbóta á hverjum þætti um sig. Að auki er mat lagt á hversu vel fullyrðingar, svonefndar vísbendingar, sem settar eru fram af hálfu Menntamálastofnunar, eiga við í ólíkum viðföngum innan hvers þáttar. Hverri fullyrðingu er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða sem hér segir:

- A. *Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár*
- B. *Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá*
- C. *Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta*
- D. *Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar*

Um framsetningu á mati þarf að hafa eftirfarandi í huga:

- Skáletraðir textar í römmum með gráleitum bakgrunni eru orðrétt viðmið sem koma frá Menntamálastofnun/mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Merkingin X er mat sjálfsmatshópa starfsmanna skólans.
- Merkingin Y er mat stjórnar nemendafélags FNV þar sem það á við. Ítrekað skal að nemendur mátu ekki allar vísbendingarnar.
- Merkingin M er mat ytri matsaðila.

Viðmælendum og öðrum þeim sem veittu upplýsingar er þökkuð aðstoðin.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra


Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra (FNV) var stofnaður árið 1979 og settur í fyrsta sinn 22. september það sama ár. Stofnendur skólans voru sveitarfélög á Norðurlandi vestra ásamt ríkissjóði enda leggur skólinn megináherslu á að þjóna íbúum þess landssvæðis. Hlutverk hans er kennsla á bóknámsbrautum til stúdentsprófs, framhaldsskólabrautum, iðn- og starfsnámsbrautum og starfsbraut, allt með áfanga- og fjölbrautasniði. Árið 2012 hófst kennsla í formi dreifnáms um myndfundabúnað til Hvammstanga og haustið eftir einnig til Blönduóss og Hólmavíkur. Náms hópar eru myndaðir á hverjum stað auk þess sem skólinn hefur þar umsjónarkennara sem stýra starfseminni og eru nemendum til halds og trausts. Mánaðarlega koma nemendur í námslotur á Sauðárkrók ásamt umsjónarkennurum.

FNV hefur fitjað upp á ýmsum nýjungum. Þar má meðal annars nefna nám í kvikmyndagerð í samstarfi við Skottu kvikmyndafjelag á Sauðárkróki. Þá eru í boði tvær námsbrautir í hestamennsku, námsbrautir í fisktækni, slátrun og plastiðnum. Auk þessa er skólinn í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Sveitarfélagið Skagafjörð um rekstur Fab Lab stofu.

Í framtíðinni horfir FNV til enn frekari sóknar á sviði menntunar í matvælaframleiðslu, plastiðnum, ferðamennsku og á öðrum þeim sviðum sem eftirspurn er eftir hverju sinni til viðbótar hefðbundnu námi til stúdentsprófs og námi í iðngreinum. Ekki er gert ráð fyrir að nám á öllum þessum sviðum verði í boði árlega, heldur verði það boðið á nokkurra anna eða ára fresti.

Nemendur

Á árabílinu 2014–2018 hefur meðalfjöldi nemenda í FNV, vor og haust, verið um 360 á önn. Flestir voru þeir vorið 2018, 422, en fækkaði um haustið sama ár í 329 (Mynd 1).




Mynd 1. Fjöldi nemenda vor og haust 2014–2018.

Liðlega 61% nemenda skólans haustið 2018 var á hefðbundnum framhaldsskólaaldri, þ.e. 16–20 ára. Hlutfallslega voru karlar fleiri en konur í þessum aldurshópi eða 56,5% á mótí 43,5%.

Áhyggjur forystumanna skólans beinast að verulegri fækkun nýnemenda síðastliðin tvö ár. Haustið 2017 innrituðust aðeins 44 nýnemar í skólann en fjölgaði heldur haustið 2018. Á

árábilinu 2014–2018 voru nýnemarnir flestir haustið 2015 eða 83 og er því um þriðjungs fækkun nýnema á milli ára 2015 og 2018 (mynd 2).



Mynd 2. Þróun í innritun nýnema að hausti 2014–2018.

Þegar skoðað er hvaðan nemendur koma má sjá að 76% nemendahópsins haustið 2017 var af Norðurlandi vestra en hlutur landssvæðisins lækkaði nokkuð haustið 2018 (tafla 1).

Tafla 1. Hlutfallsleg skipting nemenda eftir landssvæðum.

Landssvæði	Fjöldi nemenda haust 2017	Hlutfall	Fjöldi nemenda haust 2018	Hlutfall
Reykjavík	8	2,2%	12	3,6%
Reykjanes	18	5,0%	24	4,2%
Vesturland	9	2,5%	10	3,0%
Vestfirðir	7	1,9%	7	2,1%
N. vestra	275	76,2%	226	67,7%
N. eystra	24	6,6%	26	7,8%
Austurland	7	1,9%	26	7,8%
Suðurland	13	3,6%	13	3,9%

Ef einungis eru skoðaðar nemendatölur af Norðurlandi vestra (póstnúmer 500–581) má sjá að hlutur Sauðárkróks og dreifbýlis er eðlilega stærstur (tafla 2).

Tafla 2. Fjöldi nemenda eftir svæðum af Norðurlandi vestra 2017 og 2018.

Svæði	Haust 2017		Haust 2018	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Staður	1	0,4%	3	1,2%
Hólmavík og dreifbýli	4	1,4%	5	2,0%
Hvammstangi og dreifbýli	21	7,6%	19	7,6%
Blönduós og dreifbýli	29	10,5%	31	12,4%
Skagaströnd og dreifbýli	10	3,6%	7	2,8%
Sauðárkrókur og dreifbýli	172	62,3%	146	58,2%
Varmahlíð og dreifbýli	34	12,3%	29	11,6%
Hofsós og dreifbýli	4	1,4%	7	2,8%
Siglufjörður og dreifbýli	1	0,4%	4	1,6%
Fjöldi alls:	276		251	

Í heild fækkaði nemendum úr Skagafirði um 13,3% milli ára 2017 og 2018, mest frá Sauðárkróki um 26 nemendur, 15,1%. Það er nánast heildarfækkun dagskólanemenda í FNV á milli þessara ára.

Dreifnám

FNV býður upp á dreifnám sem er fólgið í því að nemendur geta stundað nám við skólann frá Blönduósi, Hólmavík og Hvammstanga og njóta kennslu um myndfundabúnað frá Sauðárkróki. Markmiðið er að nemendur geti í dreifnámi lokið almennum greinum iðnbrauta og kjarnagreinum stúdentsbrauta, a.m.k. þeim áföngum sem eru á 1. og 2. þrepi. Á hverjum stað eru umsjónarmenn sem fylgjast með nemendum og aðstoða þá eftir þörfum. Námslotur eru haldnar á Sauðárkróki þar sem dreifnámsnemum gefst tækifæri til að hitta samnemendur sína. Ferðatilhögun hefur verið á þann veg að nemendur koma með Strætó á sunnudagskvöldi og eru á heimavist FNV í fæði og húsnæði næstu daga. Þeim gefst tækifæri til að taka þátt í helstu viðburðum og ferðalögum á vegum skólans sem gjarnan eru tímasettir þegar staðarlotur eru. Aðsókn í dreifnám má sjá í töflu 3.

Tafla 3. Fjöldi nemenda í dreifnámi eftir kennslustöðum.

Kennslustaðir	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Blönduós		15	19	11	11	13	11
Hvammstangi	16	16	14	14	18	5	12
Hólmavík		6	11	7	8	2	4
Samtals	16	37	44	32	37	20	27

Árið 2014 var ákveðinn toppur í aðsókn í dreifnám en heldur hefur dregið úr aðsókn árin 2017 og 2018 sem ef til vill kann að skýrast af fámennum árgöngum.

Fjarnám

Tæplega fjórðungur skráðra nemenda við skólann stundar fjarnám. Námið fer að mestu fram með tölvusamskiptum við kennara. Talsvert fleiri konur en karlar stunda fjarnám við skólann (95 konur á móti 38 körlum). Náms tími í fjarnámi er sá sami og hjá nemendum í dagskóla. Samskipta- og námsumhverfið Moodle er notað í staðar-, fjar- og dreifnámi við FNV.

Allir áfangar sem kenndir eru við skólann, aðrir en verknámsáfangar, eru í boði í fjarnámi og þá er skólinn aðili að Fjarmentaskólanum sem er samstarfsvettvangur tólf framhaldsskóla á landsbyggðinni. Á þann hátt geta skólarnir breikkað námsframboð sitt og tryggt að nemendur geta lokið námi á völdum námsbrautum. Sjúkráliðanám er þannig samvinna þriggja skóla: Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Verkmenntaskóla Austurlands og Menntaskólans á Ísafirði. Skólarnir skipta með sér kennslu í bóklegum áföngum og eru þeir kenndir eingöngu í fjarnámi á netinu. Hver skóli fyrir sig sér síðan um sína nemendur hvað varðar verklega áfanga, svo sem líkamsbeitingu og verklegan hjúkrunaráfanga ásamt vinnustaðanáminu. Þá býður FNV þeim grunnskólanemum sem lokið hafa viðmiðum grunnskólans að sækja einingabært nám í fjarnámi.

Námsbrautir

FNV býður fjölbreytt nám miðað við stærð skólans og í skólanámskrá eru kynntar þær námsbrautir sem í boði eru (tafla 4).

Tafla 4. Námsbrautir sem í boði voru haustið 2018.

Stúdentsbrautir	Iðnbrautir	Starfsnámsbrautir
Félagsvísindabraut	Húsasmíði	Hestaliðabraut
Fjölgreinabraut	Húsgagnasmíði	Kvikmyndabraut
Hagfræðibraut	Rafvirkjun	Nýsköpunarbraut
Hestabraut	Rennismíði	Sjúkraliðabraut
Íþróttabraut/Íþróttakademía	Vélvirkjun	Vélstjórnarbraut – A og B
Náttúruvísindabraut		
Stúdentsbraut starfsnáms		Starfsbraut
Tæknistúdent		

Auk þessa býður skólinn upp á framhaldsskólapróf. Því er ætlað að koma til móts við þarfir nemenda sem ekki hyggja á önnur námslok og að nemendur njóti fræðsluskyldu til 18 ára aldurs. Þeir nemendur sem námsleiðina velja geta valið um nýsköpunar- og tæknibraut þar sem áhersla er lögð á skapandi greinar og listir eða kvikmyndataekni þar sem áhersla er lögð á sérgreinar kvikmyndagerðar. Fjöldi nemenda eftir námsbrautum er sýndur í töflu 5.

Tafla 5. Fjöldi nemenda á námsbrautum FNV 2014–2018 eftir kynjum.

Námsbrautir	2014		2015		2016		2017		2018	
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Almennt nám	15	7	10	9	4	6	2	6	2	1
Dreifnám	20	18	23	20	17	19				
Félagsfr.br. – „gamla“	28	46	19	33	6	20	2	6	0	2
Félagsvísindabraut – ný			1	10	3	16	12	23	12	16
Fjarnám	40	71	38	89	48	93	38	95	31	89
Fisktæknibraut	9	10	8	9			2	8		
Fjölgreinabraut – ný			2	6	2	10	19	23	23	42
Grunnskólanemar	25	38	19	23	40	30				
Hagfræðibr. – „gamla“	14	14	12	13	3	6	2	1	1	0
Hagfræðibraut – ný			1	2	6	2	4	4	3	3
Hestabraut – ný			1	11	1	8	3	8	3	8
Íþróttabraut – ný			3	1	5	2	3	4	1	2
Kvikmyndabraut							4	3	5	0
Málabraut	1	6	1	2	1	1				
Meistaránám							17	2	4	0
Náttúrufr.br. – „gamla“	20	26	14	27	8	7	3	2	1	0
Náttúrufræðibraut – ný			13	7	8	11	12	13	12	16
Nýsköpunar- og tæknib.	1	6	7	10	6	8	1	3	1	2
Rafiðn	21	2	15	1	17		21	0	21	0
Sjúkraliðabraut			0	1		21	2	44	1	46
Slátrarabraut					3	2	4	2	0	0
Starfsbraut	7	5	6	7	10	7	7	4	7	2
Tréiðn	22	5	27	6	37	6	44	7	48	4
Vélvirkjun / Vélstjórn	31	2	31	3	37	1	30	4	33	2
Viðbótarnám til stúd.pr.					3	1	2	0	1	1

Í töflu 5 er dreifnám flokkað sem sérstök námsbraut á árunum 2014–2016 en eftir það er enginn nemandi skráður á námsbrautina. Frá 2017 eru nemendur skráðir á þær námsbrautir sem þeir stunda nám sitt á.

Mætingar og brotthvarf úr skóla

Í mætingarreglum FNV segir að nemendur skuli sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Ef annað er ekki tekið sérstaklega fram í kennsluáætlun jafngildir það úrsögn úr áfanga ef fjarvistir í honum verða fleiri en sem svarar kennslu í eina og hálfu viku. Ef nemandi er fjarverandi úr kennslustund eða mætir eftir að fjórðungur kennslustundar er liðinn merkir kennari F í skólasóknarbókhaldu Innu. Komi nemandi of seint, þ.e. eftir að kennari hefur lokið við skráningu skólasóknar, merkir kennari S. Sambærilegar reglur gilda yfirgefi nemandi kennslustund áður en henni er lokið. Tvö S jafngilda einu F. Sé skólasókn undir 87% á nemandi ekki vísa skólavist á næstu önn. Á árinu 2017 voru fjarvistir eins og sjá má í töflu 6.

Tafla 6. Mætingar haust 2017 og vor 2018.

	Haust 2017	Vor 2018
Veikindi	3,84%	3,67%
Of seint	2,16%	1,61%
Leyfi	4,85%	6,65%
Skróp	21,16%	20,34%
Samtals	32,01%	32,27%

Í skólareglum eru kynntar reglur um niðurfellingu fjarvista af öðrum ástæðum en veikindum, reglur um frávik frá skólasóknarreglu og viðmið um hámarksfjölda fjarvista í áföngum.

Brotthvarf úr FNV hefur verið að meðaltali um 5,6% á ári á árabílinu 2014–2018. Eilítil frávik hafa verið frá meðaltali milli ára en engar verulegar breytingar (tafla 7).

Tafla 7. Brotthvarf haust og vor 2014–2018.

Ár	Vor %	Haust %	Alls
2014	2,3%	3,1%	5,3%
2015	3,0%	1,8%	4,8%
2016	4,4%	2,2%	6,5%
2017	1,1%	4,5%	5,6%
2018	2,8%		

Sú breyting hefur orðið á til samræmingar upplýsingum á brotthvarfi úr framhaldsskólum að mennta- og menningarmálaráðuneyti reiknar út brotthvarfstölur framhaldsskólanna skv. upplýsingum frá skólunum. Að sögn skólameistara er tala um brotthvarf að vori 2018 í töflu útreiknuð tala ráðuneytis og því e.t.v. ekki fyllilega sambærileg öðrum tölum.

Fjöldi brautskráðra eftir brautum 2014–2018

Meðalnámstími við brautskráningu vorið 2018 var 7,6 annir á stúdentsbrautum, 2,8 annir á fiskvinnslubraut, 3 annir í meistaranámi iðnbrauta og 7,3 annir í iðnnámi. Meðalnámstími á sjúkraliðabraut er 5,5 annir en til viðbótar kemur nám sem er metið annars staðar frá.

Alls hafa brautskráðst 355 nemendur frá skólanum frá vori 2014 til vors 2018 (tafla 8).

Tafla 8. Fjöldi brautskráðra eftir námsbrautum 2014-2018.

Heiti námsbrautar	2014	2015	2016	2017	2018
Félagsfræðabraut	12	11	13	17	9
Fisktækni			18		9
Fjölgreinabraut				2	2
Hársnyrtiiðn		1			
Hestabraut					4
Húsasmíði/byggingagreinar	6	13		12	10
Íþróttabraut					1
Kvikmyndagerð			1	1	
Meistaránám				1	10
Málabraut	3			1	
Náttúrufræðibraut	13	12	10	9	13
Nýsköpunar- og tæknibraut		1	2	1	2
Rafiðna- og bílgreinadeild	7	5	8	8	2
Sjúkraliðabraut	3	5	2	4	11
Slátrarabraut			3		
Starfsbraut	1			2	1
Vélvirkjun og vélstjórn	5	10	7	7	6
Viðskipta- og hagfræðibraut	3	10	8	8	3
Viðbótarnám til stúdentsprófs				2	4
Samtals	53	68	72	75	87

Tæplega helmingur þeirra er brautskráðst hafa er af stúdentsprófsbrautum (49,5%), flestir af félagsfræðabraut (62) og náttúrufræðibraut (57). Af iðn- og starfsnámsbrautum hafa flestir brautskráðst úr húsasmíði og byggingargreinum (41). Brautskráningum hefur fjölgað jafnt og þétt og voru flestar árið 2018 eða 87.

Fjöldi og stöðugildi kennara og annars starfsfólks haust 2018

Við FNV starfa 56 starfsmenn í 46,5 stöðugildum og eru konur heldur fleiri en karlar (tafla 9).

Tafla 9. Fjöldi og stöðugildi starfsfólks Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra haustið 2018.

Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Starfshlutfall	Fjöldi	Starfshlutfall
Skólameistari	1	1		
Aðstoðarskólameistari	1	1		
Áfangastjóri			1	0,85
Fjármálastjóri			1	1
Framhaldsskólakennari	14	11,64	9	7,54
Leiðbeinandi	2	1,29	1	0,53
Deildarstjórar	4	4	5	5
Náms- og starfsráðgjafi			1	0,75
Bókavörður			1	1
Skólafulltrúi			1	1
Umsjónarmaður fasteigna	1	1		
Stuðningsfulltrúi			2	1,5
Ræstitæknir			5	3,25
Heimavistarstjóri			1	1
Verkefnastjóri dreifnáms	1	1	2	2
Samtals	26	21,09	30	25,42

Stöðugildi kennara eru 30 og er langstærstum hluta þeirra sinnt af framhaldsskólakennurum. Deildarstjórar hafa sömu kennsluskyldu og aðrir kennarar og njóta eins launaflokks hækkunar fyrir stjórnunarhlutverk sitt. Þeir eru því taldir hér með í heildarfjölda stöðugilda kennara. Auk þessara stöðugilda eru skólameistari, aðstoðarskólameistari og áfangastjóri með fullgild kennsluréttindi. Af þeim hefur áfangastjóri nokkra kennslu með höndum ásamt stjórnunarhlutverki sínu. Þá eru tveir stundakennarar við skólann sem ekki telja inn í stöðugildi í töflu en kennsla þeirra jafngildir 16% starfs.

Menntun kennara

Vel hefur gengið að ráða kennara til starfa við FNV og einungis fjórir kennarar af 37 eru án leyfisbréfs sem framhaldsskólakennarar (tafla 10).

Tafla 10. Menntun kennara.

Menntun	Fjöldi kennara
PhD auk leyfisbréfs	1
MA/MS/M.Ed.-próf auk leyfisbréfs	9
BA/BS-próf auk leyfisbréfs	8
Önnur menntun auk leyfisbréfs	15
Háskólapróf án leyfisbréfs	4
Önnur menntun án leyfisbréfs	0
Alls	37

Starfsaldur og starfsmannavelta

Tiltölulega hár starfsaldur er meðal starfsmanna FNV því að meðaltali hefur hver starfsmaður starfað við skólann í tæp þrettán ár. Sá starfsmaður sem lengst hefur starfað við skólann hefur starfað frá öðru starfsári skólans eða í 37 ár og fleiri dæmi eru um að starfsmenn hafi verið við skólann um eða yfir 30 ár. Lítið er því um mannabreytingar og starfsmannavelta hlutfallslega lág. Á árunum 2014–2018 létu 23 starfsmenn af störfum, þar af fjórir vegna aldurs. Á sama tíma voru 24 starfsmenn ráðnir að skólanum (tafla 11).

Tafla 11. Starfsmannavelta 2014–2018.

	Hættir störfum	Nýir starfsmenn
2014	2	8
2015	6	6
2016	4	2
2017	8	5
2018	3	3
Alls	23	24

Mestar mannabreytingar áttu sér stað árið 2017. Þá sögðu sex starfi sínu lausu við skólann og tveir hættu sökum aldurs. Fimm voru nýráðnir sama ár.

Forfallakennsla

Á vorönn 2018 voru kennarar fjarverandi vegna veikinda í 379 kennslustundir og önnur forföll vegna leyfa voru 140 kennslustundir. Veikindaforföll eru almennt ekki leyst með forfallakennslu en þessa tilteknu önn var einn kennari í veikindaleyfi og það skarð var fyllt.

Aðgerðir skóla í kjölfar ytri úttektar 2013

Tillögur úttektaraðila til umbóta 2013	Aðgerðir af hálfu skóla – svör skólameistara
Efla þarf forystu í faglegu starfi, s.s. við stefnumótun, þróun kennsluhátta og námsmats, deildarstjórn.	Með breyttu fyrirkomulagi deildarstjórnar er skýrar kveðið á um hlutverk deildarstjóra í þessum efnum. Deildarfundir undir forystu deildarstjóra eru haldnir reglulega að undangengnum deildarstjórafundum undir forystu aðstoðarskólameistara. Í nokkur ár hefur námsmat farið fram undir formerkjum leiðsagnarmats sem m.a. hefur verið mótað á vettvangi deildarstjórnar.
Vinna þarf að aukinni sátt um fyrirkomulag deildarstjórnar.	Fyrirkomulag deildarstjórnar hefur verið endurskoðað, nú síðast á vordögum 2018 í tengslum við úttekt á vegum Gallup. Í SFR könnun fyrir árið 2017 birtist mikil óvissa um stöðu deildarstjóra gagnvart kennurum auk þess sem starfsfólki var ekki alltaf ljóst hver var þess næsti yfirmaður. Í framhaldinu var gert nýtt skipurit þar sem m.a. var skerpt á stöðu deildarstjóra og annarra starfsmanna og hlutverk þeirra skýrð. Jafnframt var ráðningartími deildarstjóra lengdur úr tveimur árum í þrjú auk þess sem ný og mun ítarlegri starfslýsing var lögð fram.
Samræma þarf uppsetningu starfslýsinga og þau efnisatriði sem þær eiga að taka til.	Starfslýsingar hafa allar verið færðar í staðlaðan búning sem hluti af innleiðingu ISO staðals.
Greina þarf orsakir ónógrar ánægju með starfsaðstæður þeirra sem við skólann starfa og vinna skipulega að úrbótum.	Á vegum öryggisnefndar skólans var gerð viðamikil könnun vorið 2018 þar sem fram komu ábendingar um lagfæringar og breytingar á vinnuaðstöðu starfsfólks, þ.á m. lýsingu, vinnuaðstöðu, dyralokun o.fl. Þeim lagfæringum var lokið í desember 2018 skv. fyrirliggjandi umbótaáætlun og í samráði við öryggisnefnd. Leitast hefur verið við að uppfylla óskir um tækjakost. Ekki hefur verið unnt að mæta óskum kennara um umbætur á vinnuaðstöðu og kaffistofa í Hátækni menntasetri þar sem húsakosturinn hefur ekki leyft breytingar.
Efla þarf umræðu meðal kennara um skólabrag og faglega ábyrgð þeirra við mótun hans.	Umræður um skólabrag hafa verið teknar á starfsmanna- og kennarafundum. Sú umræða skilaði sér í jákvæðri niðurstöðu SFR könnunar fyrir árið 2018 þar sem skólinn hafnaði í 5. sæti yfir fyrirmyndarstofnanir ríkisins auk þess að vera hástökkvari ársins.
Nemendur þurfa að vera vakandi fyrir því að ólíkar námsleiðir eigi fulltrúa í stjórn	Stjórn nemendafélagsins er meðvituð um þennan vanda og leggur sig fram um að taka

nemendafélagsins.	tillit til þessa við skipan í nefndir og ráð auk þess að stíla viðburði upp á lotur þegar dreifnámsnemendur eru á staðnum.
Íhuga þarf stofnun gæðaráðs með þátttöku nemenda og starfsmanna.	Gæðaráð hefur ekki verið sett á laggirnar, m.a. vegna seinagangs við innleiðingu ISO staðals.
Greina þarf hvers vegna margar spurningar í innra mati fá svörun undir settum viðmiðum meðal nemenda sem starfsmanna. Að því búnu þarf að móta sundurliðaða umbótaáætlun og skilgreina ábyrgð á framkvæmd einstakra þátta hennar.	Lítið hefur verið gert til að greina ástæður lítillar þátttöku í innra mati. Hins vegar brást skólinn við niðurstöðum úr stofnanakönnun SFR 2017 með ýmsum hætti og í sams konar könnun 2018 tóku yfir 60% starfsmanna skólans þátt. Álykta má að þær breytingar sem gerðar voru á skipuriti skólans, fyrirkomulagi deildarstjórnar og einlægur vilji stjórnenda til að bæta vinnuaðstæður starfsfólks í samvinnu við öryggisnefnd skólans hafi skilað jákvæðari niðurstöðum en áður.
Gera þarf nemendur virkari þátttakendur í ýmsum þáttum skólastarfsins, s.s. stefnumótun og innra mati.	Fulltrúar nemenda eiga sæti í skólanefnd, sjálfsmatshópi og heilsueflingarteymi skólans en ljóst er að virkja má nemendur enn frekar en gert er.

Viðmið og vísbendingar

Þáttur 1: Stjórnun og skipulag

Viðmiðanir: Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Mat á stjórnun og skipulagi:

1.1. Um stefnu og áætlanir

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á m. með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í víðum skilningi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu.	XM	Y		
2. Stefna skólans endurspeglast í öllum starfsháttum hans.		XM	Y	
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.	X	M		
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.	X	M	Y	
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.		XMY		

1.2. Um stjórnendur

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsmenn og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsmenn til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstíll sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.

Vísendingar

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.	XM	Y		
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.	XM	Y		
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	XM			
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.			MY	
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.	XM			

1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsraða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

Vísendingar

	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.	XM			
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.	X	M		
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.	X	M		

1.4. Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

Vísendingar

	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.	X	MY		
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	X	MY		
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.	X	M		
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.	X	MY		
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.	X	MY		
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.	X	MY		

Páttur 2: Kennsla og námsframboð

Viðmiðanir: Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Mat á kennslu og námsframboði:

2.1. Um nám og kennslu

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.	XM			
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.	X	M	Y	
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.	X	M	Y	
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.		XMY		
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.	X	M	Y	
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.	Y	MX		
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	X	MY		
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.	X	MY		

2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tök eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að

veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.	XMY			
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.	XM	Y		

2.3. Um námsmat

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólustarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.	X	MY		
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.	X	MY		
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.	X	M		

2.4. Um kennara

Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.

Vísbendingar

	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.		XM		
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.	M	X		
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.		XM		
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.			XM	

2.5. Um námsgögn

Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námsgögn, kennsluáferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.			XMY	
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.	XM	Y		
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.		XMY		
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.	MY	X		
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.		XMY		
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.	MY	X		

Páttur 3: Samskipti og líðan

Viðmiðanir: Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Mat á samskiptum og líðan:

3.1. Um skólabrag

Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tókum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.		XMY		
45. Nemendum líður vel í skólanum.		XMY		
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.		Y	XM	

3.2. Um samskipti í skólastofunni

Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að hjálfa félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.		XMY		
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.		XMY		
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.		MY	X	

3.3. Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

Vísendingar

	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugu félagsstarfi fyrir nemendur.	Y	M	X	
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.	MY	X		
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.		XMY		
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.		XMY		

3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjárforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólöggráða nemenda við skólann.

Vísendingar

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.			MX	
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.			MX	
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.		M	X	

3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða þrepi í framhaldsskólalæiningum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er forsenda þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.	X	M		
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.		MX		
59. Skráð og virk tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.	X	M		

Páttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

Viðmiðanir: Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Mat á húsnæði og aðbúnaði:

Vísendingar

	A	B	C	D
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.	XM	Y		
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.	M	X	Y	
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttastöðu.	XMY			
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.	M	Y	X	
64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuáðstöðu í húsnæði skólans.	XM			
65. Skólinn hefur fullnægjandi mótuneytisaðstöðu.	XMY			
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.	X	M	Y	

Þáttur 5: Lykilárangur

Viðmiðanir: Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Mat á lykilárangri:

5.1. Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastig eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

Vísbendingar

	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.	X	Y		
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.		XY		
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.		Y	M	

5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfniþáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.		XY		
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.		XY		
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.		XMY		
73. Nemendur hafa skilning á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.		XMY		
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.		XMY		
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.		X	MY	

5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma.

Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrrverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísbendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.		Y		XM
77. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.		MY		
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.	XM	Y		

Viðauki

Umsögn ytri matsaðila um stjórnun og skipulag (styrkleikar/tækifæri til umbóta)

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra (FNV) er opinber framhaldsskóli sem starfar á grundvelli aðalnámskrár og laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og þeirra hlutverka sem þar eru skilgreind. Um hlutverk skólans segir í skólanámskrá að það sé „kennsla á bóknámsbrautum til stúdentsprófs, framhaldsskólabrautum, iðn- og starfsnámsbrautum, starfsbraut og fjarkennsla um fjarfundabúnað, allt með áfanga- og fjölbrautasniði.“ Þá segir jafnframt að markmið með skólastarfinu séu „m.a. að stuðla að alhliða þroska nemenda, búa þá undir störf og frekara nám, efla með þeim ábyrgðarkennd og víðsýni, þjálfa þá í öguðum vinnubrögðum, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugar þekkingarleitar.“

Einkunnarorð FNV eru „Vinnusemi – virðing – vellíðan“ og þau eru öll útfærð stuttlega í skólanámskrá. Þar er einnig fjallað um gildi skólans og framtíðarsýn eins og þegar hefur komið fram. Skólanámskráin er birt sem sérstakur flípi á heimasíðu skólans. Hún skiptist í ellefu aðalkafla og fjölmarga undirkafla. Auðvelt er að nota námskrána og hún veitir notadrjúgar upplýsingar um starfsemi og skipulag skólans. Aðalkaflar hennar eru þessir:

- Skipurit, saga og sýn skólans
- Stefna, markmið og áætlanir
- Umgjörð skólastarfsins og skipulag kennslu
- Aðbúnaður, stuðningur og þjónusta við nemendur
- Félagslíf
- Samstarf
- Skólareglur
- Boðleiðir athugasemda
- Námsvísir – Brautalýsingar
- Starfsáætlanir
- Húsnæði og starfsfólk skólans


Stefnuskjöl FNV eru tólf talsins. Þau eru greinargóð og eru birt í skólanámskrá.

Yfirstjórn fundar vikulega. Hún er skipuð skólameistara, aðstoðarskólameistara og áfangastjóra. Tveir þeir fyrrnefndu eru í fullu starfi en áfangastjóri í 0,85%. Starfslýsingar þessara starfsmanna eru ekki aðgengilegar á ytri vef skólans en eru allar til staðar ásamt öðrum starfslýsingum í Rekstrarhandbók sem unnin er samkvæmt ISO staðli. Starfslýsingarnar eru misítarlegar en virðast í alla staði fullnægjandi.

Skipurit FNV er nýtt (mynd 3) og var unnið í samráði við Gallup í tengslum við átak sem gert var til að bæta ýmis innri málefni skólans. Um það er fjallað í fyrri hluta þessarar skýrslu þar sem rætt er um aðgerðir skólans í kjölfar ytri úttektar árið 2013. Helstu markmið við vinnslu skipuritsins voru þau að hafa jafningjastjórnun að leiðarljósi og efla millistjórnendur, þ.e. deildarstjóra, sem valdir eru til þriggja ára í senn. Þeir eru níu talsins og í starfslýsingu þeirra eru talin upp markmið starfa þeirra og skilgreind ábyrgðarsvið. Þar kemur meðal annars fram að deildarstjóri

- er næsti faglegi yfirmaður kennara og starfsmanna í sinni deild,
- hefur umsjón með námi, kennslu og samræmingu námsmats, í sinni deild,
- ber ábyrgð á að verkefni í hans umsjá séu framkvæmd innan þess fjárhags- og tíma- ramma sem til þess er áætlaður.

Í samtali úttektaraðila við skólameistara kom fram að deildarstjórum er ætlað að taka starfsmannasamtöl við starfsfólk sinna deilda en eftir er að útfæra hvernig staðið verður að þeim samtölum þegar kennarar og eftir atvikum annað starfsfólk heyrir undir fleiri en einn deildarstjóra. Deildarstjórar fá hver um sig einn launaflokk auk þriggja klukkustunda fyrir hvert starfsmanniðtal sem þeir taka. Engin önnur umbun fylgir starfi þeirra.



Mynd 3. Skipurit Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

Í samtölum við kennara og annað starfsfólk í FNV kom fram að lítil reynsla er komin á núverandi skipurit og engar athugasemdir voru við það gerðar.

Skólanefnd kom saman einu sinni á hvorri önn almanaksárið 2018. Fundargerðir þeirra funda eru á heimasíðu skólans en engar eldri. Skólaráð fundar eftir þörfum.

Ársskýrsla skólameistara fyrir almanaksárið 2017 er dagsett í apríl 2018 og er aðgengileg á heimasíðu og veitir hún ýmsar upplýsingar um skólastarfið, ekki síst tölulegar. Eldri ársskýrslur eru ekki aðgengilegar.

Í árlegri könnun SFR stéttarfélags í almannaðjónustu um Stofnun ársins varð FNV í 66. sæti árið 2017 af 85 stofnunum með fleiri en fimmtíu starfsmenn með heildareinkunnina 3,68 sem var nokkuð undir meðaltalinu 3,870. Sú niðurstaða varð til þess að skólinn fór í innri naflaskoðun á starfsmannafundum og réði jafnframt til sín utanaðkomandi ráðgjafa, Gallup, til þess að aðstoða við greiningu á ástæðum bágrar útkomu, tillögugerð um úrbætur og framkvæmd þeirra. Niðurstaða þeirrar vinnu virðist hafa skilað tilætluðum árangri því í næstu könnun SFR um stofnun ársins 2018 varð skólinn í fimmta sæti stofnana með fleiri en fimmtíu starfsmenn með heildareinkunnina 4,28 og var FNV hástökkvari ársins. Í báðum þessum könnunum var spurt um níu þætti og var skólinn vel yfir meðaltali í þeim öllum árið 2018. Af þeim fékk jafnrétti hæsta einkunn, 4,57, en launakjör þá lægstu, 3,49. Stjórnun fékk 4,34, starfsandi 4,37, vinnuskilyrði 4,06, sveigjanleiki vinnu 4,50, ímynd stofnunar 4,05, og ánægja og stolt 4,55. Svarhlutfallið var frekar hátt, 67%.

Sjálfsmat fer fram með reglubundnum hætti í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og sjálfsmatsskýrslur og áætlanir um sjálfsmat eru á heimasíðu hans. Yngsta skýrslan tekur til skólaársins 2017–2018 og er dagsett í október 2018. Sérstakt matsteymi annaðist sjálfsmatið og er það skipað fulltrúa nemenda, kennara og aðstoðarskólameistara auk verkefnisstjóra sjálfsmats sem einn er höfundur sjálfsmatsskýrslunnar.

Áfangakannanir eru gerðar á hverri önn en aðrir matsþættir í innra mati FNV eru fimm og ræður tilviljun röð þeirra í sjálfsmatsáætlunum. Matsþættirnir eru eftirfarandi:

- Kennsla og önnur störf kennara
- Stjórnun
- Stöðþjónusta og önnur þjónusta
- Nemendur og nám
- Starfsfólk og starfsumhverfi

Auk áfangakannana var gerð könnun meðal starfsfólks um starfsumhverfi þess á haustönn 2017, könnun meðal íbúa á heimavist sama haust, nemendakönnun vorið 2018 og foreldrakönnun á sama tíma. Þátttaka í þremur síðastnefndu könnunum var slök og það léleg í foreldrakönnuninni að af henni var ekki unnt að draga neinar ályktanir.

Helstu efnisþættir sem spurt er um í þessum könnunum eru eftirfarandi:

Áfangakannanir:

- Skipulagning áfanga, kennslugögn, kennsluaðferðir og námsmat
- Undirbúningur og frammistaða nemanda
- Samskipti við samnemendur og kennara

Nemendur og nám:

- Nám nemenda, s.s. ánægja, frammistaða, heimavinna og ástæður erfiðleika
- Félagslíf
- Líðan
- Áhættuhegðun, s.s. notkun vímuefna og tölvuleikja
- Öryggi, þ.m.t. áreitni

Könnun meðal íbúa á heimavist:

- Heimavistarreglur og umgengni
- Nettenging
- Mötuneyti
- Líðan

Starfsfólk og starfsumhverfi:

- Líðan, þ.m.t. ánægja og traust í starfi
- Skólinn sem vinnustaður
- Starfsandi
- Öryggi, þ.m.t. áreitni

Síðar í þessari skýrslu verður vísað til svara við einstökum spurningum eftir því sem það á við en engin þessara kannana kemur inn á þætti er varða stjórnun eða skipulag í FNV sem hér er einkum til umfjöllunar.

Framsetning á niðurstöðum er almennt skýr í sjálfsmatsskýrslunni en um hana gildir hið sama og sagt var í fyrri úttektarskýrslu um FNV: „Athygli vekur að í sjálfsmatsskýrslu FNV 2012–2013 eru sett viðmið um hvað sé ásættanleg niðurstaða úr hverri matsspurningu en ekki kemur fram neinn rökstuðningur fyrir því hvernig þau eru valin. Viðmiðin eru jafnframt mismunandi frá einni spurningu til annarrar“ (2014, bls. 36). Aðspurður segist verkefnisstjóri sjálfsmats ekki geta útskýrt það hvernig viðmiðin eru valin en segir þau verða endurskoðuð áður en til frekara mats kemur.

Tímasett umbótaáætlun með skilgreindum ábyrgðaraðilum er sett fram í sex liðum í lok sjálfsmatsskýrslunnar.

Rýnihópar skólans nefndu tvennt sérstaklega um mat sitt á tveimur vísbendingum innan þessa kafla. Annars vegar að grunnþættir menntunar séu sýnilegir í stefnu skólans og á heimasíðu en kennarar geti gert betur í kennsluáætlunum og samræðum við nemendur og kollega (vísbending 5). Hins vegar taldi rýnihópur sig ekki geta svarað vísbendingu 9 og taldi hana frekar eiga erindi til foreldra og nemenda.

Styrkleikar

- Stefnuskjöl Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra eru fullnægjandi.
- Skólanámskrá FNV er skipulögð og auðvelt að afla upplýsinga í henni á heimasíðu skólans.
- Starfslýsingar eru vel unnar.
- Skipurit FNV er ungt og virðist lýsandi fyrir skipulag skólans.
- Fumlaus viðbrögð við slakri útkomu í árlegri könnun SFR á stofnun ársins hafa borið árangur.
- Ársskýrslur FNV koma út reglulega og veita greinargóðar upplýsingar um það efni sem þær taka til.
- Sjálfsmat fer fram með reglubundnum hætti, Sjálfsmatsáætlanir, sjálfsmatsskýrslur og heildarniðurstöður áfanga- og viðhorfskannana eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Tækifæri til umbóta

- Gera starfslýsingar aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- Endurskoða og endurskilgreina viðmið í sjálfsmati FNV.
- Tryggja verður almenna þátttöku nemenda sem starfsmanna í líðanar- og viðhorfskönnunum.

Umsögn ytri matsaðila um kennslu og námsframboð (styrkleikar/tækifæri til umbóta)

Námsframboð í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra er fjölbreytt miðað við stærð skólans. Flestir nemendur stunda bóknám til stúdentsprófs en aðsókn er misjöfn í aðrar greinar eins og sjá má í töflu 3. „Tæplega fjórðungur nemenda við skólann stundar fjarnám, talsvert fleiri konur en karlar (95 konur á móti 38 körlum). Að öðru leyti eru kynjahlutföll nokkuð jöfn, um 53% konur og 47% karlar“ (*Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2017–2018*, bls. 3).

Allar námsleiðir eru vel skilgreindar á heimasíðu skólans og þar er greinargott yfirlit um skipan þeirra. Kennarar með kennsluréttindi annast kennslu í langflestum áföngum. Starfsmannavelta er fremur lítil og starfsaldur margra kennara tiltölulega hár.

Beinar upplýsingar um það sem fram fer í kennslustundum eru ekki aðgengilegar umfram það sem segir í áfangakönnunum meðal nemenda. Í síðustu sjálfsmatsskýrslu er yfirlitstafla um niðurstöður slíkra kannana sem tekur til niðurstaðna þriggja kennslumissera, vor og haust 2017 og vor 2018. Sömu spurningar voru notaðar í þessi þrjú skipti og niðurstöður því sambærilegar en athuga ber að kannanirnar taka til tíu til þrettán mismunandi áfanga í hvert sinn (tafla 10).

	V 17	H 17	V 18
Áfanginn er vel skipulagður (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,97	3,61	4,10
Ég er ánægð/ur með aðferð við námsmat (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst)	3,59	3,58	4,04
Ég hef lagt mig fram í þessum áfanga (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,71	3,75	4,05
Ég hef metnað fyrir því að standa mig vel í áfanganum (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er hæst og 5 er lægst).	3,88	3,37	3,59
Ég læri heima ef ég næ ekki að klára verkefni í kennslustund (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	2,98	3,45	3,40
Ég missi einbeitingu í kennslustund og fer að gera eitthvað annað en ég á að vera að gera (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	3,03	3,15	3,30
Ég undirbý mig fyrir kennslustundir (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	2,38	2,56	3,13
Kennsluaðferðir kennarans höfða til mín (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	3,21	2,93	3,83
Kennslugögn (bækur, rafbækur o.fl.) eru góð (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,64	3,34	3,74
Moodle síða áfangans er gagnleg (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,84	3,73	3,43
Námsefnið hefur aukið áhuga minn á efninu (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	2,73	2,60	3,42
Samskipti mín við aðra nemendur eru góð (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	2,79	3,95	4,21
Samskipti mín við kennarann eru góð (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	4,05	3,73	4,08
Skilningur minn á efni áfangans hefur aukist (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,29	3,11	3,84

Tafla 10: Niðurstöður áfangakannana frá vori 2017 til vors 2018.

Í heild er meiri jákvæðni í svörum nemenda á vorönn 2018 en var næstu tvær annir á undan. Á því geta verið þær skýringar að kennurum hafi almennt tekist betur til þá en áður, að

nemendur hafi verið almennt jákvæðari af einhverjum ástæðum, ellegar að tilviljun ein hafi ráðið því að kannaðir voru áfangar sem nutu meiri hylli en aðrir þetta misserið.

Í rýnivíðtölum ytri matsaðila á vettvangi kom fram allmikill munur á viðhorfum nemenda og kennara um skipulag og framkvæmd kennslustunda. Kennarar segja kennsluhætti fjölbreytta, þeir taki mið af ólíkum þörfum nemenda og að reynt sé að ýta undir frumkvæði og sjálfstæða hugsun. Um leið kvarta þeir undan vissu framtaksleysi nemenda sinna, þeir séu af því sem kalla má „bómullarkynslóð“ og mjög hátt hlutfall eigi við margvíslegar raskanir að stríða sem hamli eðlilegu námi og námsframförum. Námsráðgjafi tekur undir þetta síðasttalda og nefnir hátt hlutfall greininga, einkum lesblindu, en segir einnig að öryggisleysi og veik sjálfsmýnd margra hafi truflandi áhrif.

Nemendur hafa að sumu leyti aðra sögu að segja. Þeir segja bóknámið einsleitt og að fjölbreytni í kennsluháttum sé lítil. Innlagnir eða glærustuddir fyrirlestrar kennara séu ríkjandi kennsluform og síðan sé unnið með verkefni upp úr námsefninu. Þessu sé á annan veg farið í verknáminu og þeir nefna kvikmyndabrautina sem dæmi um hvernig unnt er að nálgast viðfangsefni á fjölbreyttan hátt. – Þess má geta að bóknámskennarar álíta að verknámið njóti almennt meira álits í nærsamfélaginu en hið bóklega.

Kennarar segja að bókarstýrð kennsla sé á nokkru undanhaldi og áhersla fari vaxandi á sjálfstæða gagnaöflun. Þeir segja jafnframt að framboð kennslugagna sé mjög misjafnt eftir námsgreinum og erfitt að setja fram einhverja eina umsögn um það. Aðstaða til náms og kennslu í öllum greinum er góð þótt bent sé á að lengi megi bæta. Sem dæmi um aðstöðuna má nefna að gagnvirkar töflur eru í öllum kennslustofum og búnaður í verknámshúsi er sífellt í endurnýjun. Rétt er að taka fram að málmiðnakennarar telja húsnæði sitt of þröngt sem meðal annars kemur fram í því að hluti kennslubúnaðar er geymdur í gámi utan dyra. Allir aðilar eru sammála um að bókasafn skólans sé gott og þjónusta þess til fyrirmyndar.

Starfsbraut FNV er vel skilgreind á heimasíðu skólans. Nám á brautinni er einstaklingsmiðað og því lýkur með brautskráningu eftir fjögur ár. Nemendur koma víða að og búa ýmist á heimavist, hjá fjölskyldum eða öðrum. Tveir kennarar eru í fullu starfi við brautina og tveir stuðningsfulltrúar í hlutastörfum. Deildarstjóri brautarinnar segir nemendur hennar hafa aðgang að öllu húsnæði skólans en það sem henni er ætlað sérstaklega sé of lítið því ólíkir nemendur hafi ólíkar þarfir. Umbótum hefur verið heitið bráðlega. Mjög vel gengur að koma nemendum brautarinnar í starfsnám utan skóla.

Námsmatsreglur FNV eru birtar sem hluti af skólareglum í skólanámskrá. Þær hafa verið óbreyttar frá ársbyrjun 2012 og gera ráð fyrir samsettu mati í öllum áföngum. Í framkvæmd fer námsmat fram sem blanda af ýmiss konar símati, úrlausn verkefna og prófum. Miðannarmat tekur til fyrri hluta kennsluannar og fer eingöngu fram sem símat. Vægi þess til lokaeinkunnar er 30%. Síðari hluta getur lokið á sama hátt en algengt er að lokapróf séu haldin og vega þau aldrei meira en 40–50%. Að sögn deildarstjóra er gott samkomulag um framkvæmd námsmats innan skólans en þeir viðurkenna að lítil formleg umræða fari fram um það og þróun þess.

Í stefnu FNV um kennslufræðileg málefni segir að kennarar séu „hvattir til þess að vinna þróunarstarf og sækjast eftir endurmenntun til að auka nýbreytni og viðhalda faglegum metnaði.“ Þeirri áherslu er fylgt eftir í starfsmannastefnu skólans þar sem segir um símenntun:

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra hvetur starfsmenn sína til að viðhalda og auka færni sína í starfi með símenntun af ýmsu tagi bæði innan skólans og utan. Það er á ábyrgð starfsmanns og yfirmanns hans að viðhalda og auka fagþekkingu viðkomandi. Gera skal árlega könnun á óskum starfsmanna um námskeiðahald fyrir starfsmenn skólans og niðurstöður hennar kynntar á starfsmannafundi.

Kennarar segja hvatningu til endurmenntunar næga og deildarstjórar bæta því við að reynt sé að greiða götu þeirra til þess að sækja sér hana eftir því sem kostur er. Allir aðilar

benda samt á að ýmsir vankantar séu á því að nýta sér endurmenntun því framboð hennar er langmest á höfuðborgarsvæðinu og hluti hennar fer aðeins fram á starfstíma skóla.

Styrkleikar

- Námsframboð í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra er fjölbreytt og námsleiðir eru vel skilgreindar.
- Fjarnámi á vegum FNV er vel sinnt og það er vel sótt.
- Kennarar með kennsluréttindi annast kennslu í flestum áföngum.
- Aðstaða til náms og kennslu er góð.
- Vel er staðið að starfsbraut FNV.
- Skólinn hvetur kennara sína til endur- og símenntunar.
- Bókasafn FNV er aðlaðandi, þjónustan góð og aðstaðan er vel nýtt.

Tækifæri til umbóta

- Afla haldgóðra upplýsinga um kennsluhætti og framkvæmd kennslustunda.
- Auka við húsnæði starfsbrautar.
- Taka skipulega umræðu um inntak og framkvæmd leiðsagnarmatsaðferða.
- Tryggja að allir kennarar geti sótt sér endurmenntun við hæfi.

Umsögn ytri matsaðila um samskipti og líðan (styrkleikar/tækifæri til umbóta)

Í viðmiðum Menntamálastofnunar um samskipti og líðan segir meðal annars að allt skóla-samfélagið þurfi að „vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi.“ Síðan eru talin upp nokkur meginatriði sem ber að hafa í huga og endað með að skólabragur skipti höfuðmáli, þ.e. „samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins.“

Vinnuhópar starfsfólks og nemenda vegna ytra mats eru sammála um að nemendum líði almennt vel í FNV og skólabragur sé jákvæður. Bein tölfraðileg vitneskja um þetta er lítil því aðeins 50 nemendur (12,1% heildarinnar) tóku þátt í nemendakönnun vorið 2018 þar sem spurt var fjögurra spurninga í þessa veru. Langflestir svarenda voru staðarnemar og því veita niðurstöðurnar nokkra vísbendingu um stöðuna (*Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2017–2018*, bls. 10).

- 90% segja að sér líði vel í skólanum.
- 20% kvíða því að mæta í skólann á morgnana.
- 26% segjast vera einmana í skólanum.
- 52% kvíða prófum svo að það veldur talsverðri vanlíðan.

Aðspurðir segja viðmælendur í FNV frekar fátt þegar talið berst að brotum á skóla-reglum, einkum skólasóknarreglum. Ástæða er samt ærin til að staldra við þær í ljósi þess að fjarvistir eru mjög miklar en hvorki er gerð grein fyrir þeim í ársskýrslu né sjálfsmatsskýrslu.

Samkvæmt upplýsingum skólameistara námu heildarfjarvistir 32% á haustmíssi 2017 og 32,3% á vormíssi 2018 (tafla 4). Í skólasóknarreglum segir svo í 6. grein:

Einkunn er gefin fyrir skólasókn og birtist hún í námsferli nemenda og á brautskráningarskírteini. Skólasóknareinkunn ræðst af skólasókn samkvæmt meðfylgjandi töflu. Nemandi í fullu námi (30 einingar eða meira) sem nær 9 eða 10 í skólasóknareinkunn fær 1 einingu sem er færð inn á námsferil hans í lok annar. Nemandi getur fengið að hámarki 6 einingar fyrir skólasókn.

Tafla yfir skólasóknareinkunn:

Frá 98% upp í 100% gefur einkunnina 10.

...

Frá 88% upp að 89% gefur einkunnina 5.

...

Skólasókn undir 82% gefur einkunnina 1.

Sé skólasóknareinkunn lægri en 5 á nemandi ekki vísa skólavist á næstu önn.

Ef farið væri eftir því sem reglurnar segja myndu allmargir nemendur FNV hverfa frá námi vegna slakrar skólasóknar. Sú er hins vegar ekki raunin og aðspurður segir skólameistari að það sé eftirsóknarverðara að halda nemendum í skólanum en láta þá fara. Deildarstjórar og kennarar segja nýnema mæta vel framan af en þeim lærist fljótt að fjarvistir úr tímum hafi ekki alvarlegri eftirköst en tiltal frá skólayfirvöldum. Sú sé hefðin innan skóla og hafi verið til margra ára. Nemendur kannast aðspurðir við slakar mætingar en vilja lítið um þær segja.

Skólastjórnendur eru meðvitaðir um þennan vanda og í skólasóknarreglunum eru ítarleg ákvæði um niðurfellingu fjarvista af öðrum ástæðum en veikindum og þar eru líka reglur um það hvernig nemendur bera sig að við að sækja „um frávik frá skólasóknarreglu í byrjun annar. Umsókn þarf að vera rökstudd.“ Að endingu eru reglur um fjölda fjarvista í einstökum áföngum og nemendur og/eða forráðamenn þeirra eru minntir „á að fylgjast vel með í Innu en þar koma allar skráningar fram á skólasókn nemenda.“ Framkvæmd reglnanna fer þannig fram að viðkomandi nemendur eru kallaðir til viðtals við umsjónarkennara sem kannar

ástæður fjarvista. Hann beinir síðan nemendum til námsráðgjafa eða stjórnenda sé um ítrekuð viðtöl að ræða. Loks er það á ábyrgð skólameistara að vísa nemendum frá námi í einstökum námsáföngum eftir að fullreynt er að aðrar aðgerðir duga ekki. Í viðtölum við stjórnendur kom fram að allnokkrum nemendum hefur verið vísað úr áföngum á grundvelli reglnanna en upplýsingar um fjölda þeirra liggja ekki fyrir.

Í bréfi frá skólameistara til úttektaraðila segir hann um fjarvistir nemenda og orsakir þeirra:

Oftar en ekki er hægt að rekja tíðar fjarvistir til persónulegra vandamála á borð við depurð, kvíða, félagsfælni, fjölskylduáðstæður eða önnur slík vandamál. Í þeim tilvikum er nemendum vísað til viðeigandi meðferðaraðila ef þess er kostur og nemandanum er ekki vísað frá námi. Sé, hins vegar, fullreynt að aðgerðir skólans duga ekki er gripið til þess ráðs að minnka námsálag á nemandann með því að vísa honum úr einstökum áföngum. Í þeim tilvikum þar sem nemandinn er einfaldlega áhugalaus um námið er honum bent á að verja tíma sínum á annan hátt en í skólanum. Það er m.ö.o. markmið skólans að láta reyna á það hvort nemandinn sé betur settur í skóla en utan hans. Haft er samband við foreldra ólöggráða nemenda í öllum tilvikum auk þess sem þeir fá sendar upplýsingar um ástundun barna sinna vikulega. Þá þarf að horfa til þess að fræðsluskylda er til 18 ára aldurs og skólum í raun óheimilt að vísa nemendum úr skóla nema þeir geti útvegað viðkomandi skólavist í öðrum skóla. Það er ekki einfalt mál þar sem einn framhaldsskóli er á svæðinu.

Brot á öðrum skólareglum en fjarvistareglum, svo sem vegna notkunar á áfengi, tóbaki og öðrum vímuefnum, eru fátíðari og að mati flestra viðmælenda ekki umtalsvert vandamál. Skýrar verklagsreglur eru til staðar um það hvernig skuli tekið á þeim brotum.

Sammæli er um að yfirleitt ríki góður andi í skólastofum. Vinnufriður sé þökkalegur en dálítið misjafn eftir námshópum og kennurum. Samskipti nemenda innbyrðis og við kennara eru sögð alla jafna góð. Um afstöðu nemenda vísast að öðru leyti til töflu 10 þar sem birtar eru niðurstöður áfangakannana og þær staðfesta það sem hér er sagt. Áðurnefnd könnun meðal starfsfólks á starfsumhverfi bendir eindregið í sömu átt en þar sem þar er ekki greint á milli kennara og annarra starfsmanna verða ekki dregnar beinar ályktanir af henni um það sem kann að gerast innan veggja skólastofunnar.

Misvísandi upplýsingar eru um félagsstarf nemenda. Stjórn nemendafélagsins telur það mjög gott, samstarf við húsvörð og stjórnendur skólans til fyrirmyndar og að jafnrétti ríki innan félagsins. Mat starfsmanna er að félagsstarfið sé dauft en þeir taka að öðru leyti undir með nemendafélagsstjórninni. Í nemendakönnuninni vorið 2018 voru tvær spurningar í þessa veru. Annars vegar sögðu 61% nemenda félags- og tómsundastarfið í FNV gott en tæpur helmingur, 47%, sagðist taka virkan þátt á þeim vettvangi. Í samtali við stjórn nemendafélagsins var fullyrt að félagslíf innan skólans sé á góðri siglingu og var nefnt sem dæmi að vímuefnalausir dansleikir innan skóla séu vel sóttir og 40 nemendur væru að vinna að uppsetningu á söngleiknum Grease. Aðstöðu innan skóla sagði stjórnin góða og nægt aðgengi að skólahúsinu á og utan skólatíma.

Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi um foreldrafélag FNV aðrar en þær hver skipa stjórn þess. Í samtali við formann félagsins kom fram að stjórnin heldur skrifaða fundargerðabók og það reynir einnig að halda úti fésbókarsíðu en fáir skrá sig inn og virkni er lítil. Mat formannsins er að áhrif félagsins innan skóla séu hverfandi. Mörg dæmi séu þess að ábendingar eða aðfinnslur foreldra strandi á borði þess sem við tekur en komist ekki áfram til kennara. Þá sé rík tilhneiging til þess innan skóla, þegar upp kemur samskiptavandi nemenda og kennara, að leita rótarinnar frekar hjá þeim fyrrnefndu og jafnvel foreldrum þeirra. Mat formannsins er að skólinn vilji eiga gott samstarf við félagið en upplýsingastreymi á milli aðila sé lítið. Deildarstjórar segja samskipti þeirra og foreldra mjög lítil.

Í vísbindingum 57–59 er spurt um skráð og virk tengsl FNV við önnur skólastig og aðila utan skóla um nám nemenda. Hvað grunnskóla varðar fer náms- og starfsráðgjafi í þá skóla

sem næstir eru þegar líður að forinnritun í framhaldsskóla. Mest samstarf og samskipti eru við Árskóla sem er eini grunnskólinn á Sauðárkróki. Mjög stutt er á milli skólanna og samstarf er um nýtingu íþróttahúss, eldhús vegna kennslu í heimilisfræði og fleira.

Í *Ársskýrslu FNV 2017* segir skólameistari um samstarf við aðila utan skólans:

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra er í samstarfi við grunnskóla á Norðurlandi vestra um

- i. kynningu á námi í framhaldsskóla
- ii. kynningu á iðnnámi við FNV
- iii. árlega stærðfræðikeppni 9. bekkjar til að efla áhuga nemenda á stærðfræði
- iv. forvarnir og Vinaverkefni

Skólinn leggur mikla áherslu á samstarf og samráð við atvinnulífið og samtök fyrirtækja um frekari uppbyggingu námsframboðs. Skólinn hefur átt gott samstarf við fyrirtæki og stofnanir um nám og kennslu á nýsköpunarbraut, í húsasmíði og kvikmyndagerð. Þess má geta að kennsla í þessum greinum hefur farið að hluta til fram í húsnaði fyrirtækja úti í bæ.

Skólinn er aðili að Fjarmentaskólunum. Markmið Fjarmentaskólanna er að auka námsframboð á landsbyggðinni ásamt því að auka hagræði í rekstri hjá öllum aðildarskólunum.

Haldið verður áfram að taka þátt í þróunarverkefnum, erlendum samskiptum og nýbreytni í skólastarfi. Sérstök áhersla hefur verið lögð á þátttöku verknámsdeilda í samstarfi við atvinnufyrirtæki og erlenda samstarfsskóla um kennslu á tölvustýrðar vélar í því augnmiði að auka hæfni kennara og nemenda til að svara kröfum atvinnuvega um tækniþekkingu. Skólaárið 2017 til 2018 er skólinn aðili að Erasmus+ verkefni sem gengur undir nafninu „Easy Charging Green Driving“.

FNV er í samstarfi við Fisktækniskóla Íslands, Farskólann miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra og Fisk Seafood um nám í fisktækni.

Þá á FNV í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Hátæknisetur Íslands og Sveitarfélagið Skagafjörð, um rekstur FabLab stofu til að glæða áhuga nemenda á nýsköpun og tækni.

Til viðbótar framantöldum samstarfsverkefnum má nefna að skólaárið 2018–2019 standa yfir verkefni *Preventing Radicalism among European Pals* sem er tveggja ára verkefni á vegum Erasmus+ og *Improving Social Skills and Creativity of SEN students in VET* sem er eins árs verkefni á vegum Nordplus Junior.

Vegna helgarnáms í húsasmíði hefur hefðbundin iðnkynning verið sett á ís næstu tvö árin þar sem ekki er rými til kennslu í verknámshúsi skólans. Árskóli og Varmahlíðarskóli hafa mætt þessu að hluta með því að bjóða nemendum í 9. og 10. bekk upp á valgrein í iðngreinum sem kenndar eru á virkum dögum í verknámsdeildum FNV.

Viðmælendur eru sammála um að FNV hafi virk tengsl við atvinnulífið vegna verknámsins þótt fátt sé um skráðar upplýsingar þar að lútandi. Þá hefur skólinn samstarf við Hólaskóla um kennslu í hestamennsku þar sem reiðkennaranemar stunda æfingakennslu með nemendum FNV. Einnig fá nemendur á hestabraut verklega kennslu í reiðmennsku á Hólum. Loks má nefna að nemendur FNV taka árlega þátt í Háskólaherminum.

Önnur bein tengsl við háskólastigið um nám nemenda eru engin fyrir utan árlegar háskólakynningar og skólinn hefur um árábil tekið á móti kennaranemum í æfingakennslu.

Styrkleikar

- Flestum nemendum líður vel í skólanum og skólabragur er jákvæður.
- Góður andi ríkir í skólastofum.
- Skólareglur eru skýrar.
- Félagslíf nemenda er nokkuð líflegt og forystumenn þeirra eru vel meðvitaðir um mikilvægi þess.
- Drjúgt samstarf er við grunnskóla á Norðurlandi vestra.
- Samstarf er við ýmsa aðila innan og utan nærsvæðis.

Tækifæri til umbóta

- Kanna orsakir kvíða og einmanaleika meðal nokkurs hóps nemenda og leita leiða til úrbóta.
- Samræma fyrirmæli skólareglna og framkvæmd viðurlaga vegna brota á þeim.
- Íhuga að nota samanburðarhæf mælitæki við rannsóknir á viðhorfum og líðan nemenda og starfsfólks við þau sem best þekkjast í sambærilegum stofnunum.
- Vinna að enn öflugra félagslífi meðal nemenda og almennri þátttöku þeirra.
- Efla foreldraráð til virkara samstarfs og gera starfsemi þess sýnilegri á vef FNV.
- Huga að mögulegum tengslum og e.t.v. auknu samstarfi við háskóla á Íslandi.
- Skrá tengsl við atvinnulíf nærsvæðisins.

Umsögn ytri matsaðila um skólahúsnæði og aðbúnað (styrkleikar/tækifæri til umbóta)

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra var stofnaður árið 1979 og bjó þröngt til þess að byrja með. Meðfylgjandi mynd, sem tekin er af heimasíðu skólans, sýnir vel núverandi skólasvæði og á henni eru skýrar merkingar.



Mynd 4. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki og næsta umhverfi hans.

Bóknámshúsið var tekið í notkun árið 1994. Þar fer fram kennsla í bóklegum greinum og upplýsingatekni. Þar eru meðal annars aðalskrifstofa skólans, kaffi- og vinnustofa kennara og annars starfsfólks, tölvuver, bókasafn, félagsaðstaða nemenda, aðstaða til heimanáms og myndfundabúnaður sem notaður er til kennslu í dreifnámsstofur á Blönduósi, Hvammstanga og Hólmavík.

Í verknámshúsi, sem einnig er nefnt hátæknimenntasetur, fer fram kennsla í vélvirkjun, rennismíði, bifvélavirkjun, vélstjórnarbraut A og B, rafvirkjun, grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina, verknámsbraut húsasmíða og húsgagnasmíði. Þar er einnig lítil kaffistofa og Fab Lab stofa.

FNV hefur aðgang að íþróttahúsinu og sundlauginni á Sauðárkróki til íþrótt- og sundkennslu. Skólinn hefur einnig aðgang að líkamsræktarstöðinni Þreksport (ekki á mynd) til líkamsræktar- og íþróttakennslu. Þá hefur skólinn aðgang að Reiðhöllinni Svaðastöðum til verklegrar kennslu í hesta- og reiðmennsku (ekki heldur á mynd).

Heimavist FNV er skammt norðan bóknáms- og verknámshúsa. Hún rúmar allt að 150 manns, ýmist í eins eða tveggja manna herbergjum sem eru öll með salerni og sturtu. Hægt er að kaupa netsamband á öll herbergi og þráðlaust netsamband er í anddyri. Heimavistin hefur öll verið endurnýjuð. Mötuneyti er í húsinu fyrir nemendur og starfsfólk. Það er rekið af einkaaðila utan skólans og án fjárhagslegra tengsla við hann.

Til viðbótar skólahúsnæði á Sauðárkróki eru dreifnámsstofur á Blönduósi, Hvammstanga og Hólmavík. Þar sækja nemendur kennslu í gegnum myndfundabúnað. Með því móti er nemendum úr Húnaþingi og Strandabyggð gert kleift að dvelja heima allt að tveimur árum lengur en ella.

Skoðanir nemenda og starfsfólks FNV eru nokkuð skiptar um það hversu góð og/eða fullnægjandi húsnæðisaðstaða skólans er. Í rýnivíðtölum var bent á að hvíldar- og kaffiaðstaða starfsmanna sem nemenda í verknámshúsi sé til muna lakari en í bóknámshúsi og skal undir það tekið. Nemendur lýstu mikilli ánægju með þá íþróttastöðu sem þeim býðst en telja netsamband á heimavist ekki nægilega gott. Þeir sögðust að öðru leyti ánægðir með

vistina og heimavistarstýra ber umgengni þar vel söguna. Hún segir heimavistina vannýttá og þurrkaðstöðu skorti í þvottahúsi.

Áhugavert er í þessu ljósi að skoða könnun sem gerð var meðal íbúa vistarinnar í desember 2017 (*Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2017–2018*, bls. 7 og 11–12). Þátttakendur voru 24 svo svar hvers þeirra vegur rúm fjögur prósentustig.

- 92% sögðu heimavistina snyrtilega.
- 43% sögðu nettengingu góða á vistinni.
- 37% sögðu mötuneytið gott.
- 79% sögðu heimavistina heimilislega.
- 100% sögðust þekkja reglur um hreinlæti á vistinni.
- 81% sögðu að þeim liði vel á heimavistinni.

Umsjónarmaður fasteigna FNV segir ástandið á bóknámshúsi mjög gott og telur umgengni þar góða. Hann tekur undir að viss þrengsli hamli í verknámshúsi og segir umgengni þar lakari. Talsvert er af listaverkum í skólanum og eru þau til mikillar þrýði.

Ónógt húsrými starfsbrautar hefur áður verið nefnt en í heildina verður að telja húsnaði skólans rúmgott og í alla staði fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.

Tölvukostur skólans virðist fullnægjandi en nokkuð er á reiki hver annast hvað, s.s. heimasíðu, moodle og daglega þjónustu við nemendur og starfsmenn. Tölvukerfið er þjónustað af aðila úti í bæ en innanhússmenn sjá um dagleg verkefni. Skólinn sér kennurum sínum ekki fyrir fartölvum.

Styrkleikar

- Húsnaði FNV er gott og rúmar vel megnið af þeirri starfsemi sem þar fer fram.
- Vel er hugsað um skólahúsin og umgengni er að jafnaði góð.
- Aðstaða til bóklegrar kennslu, íþróttakennslu, hesta- og reiðmennsku er góð.
- Ánægja er með aðstöðu dreifnema á Blönduósi, Hvammstanga og Hólmavík.
- Vinnuaðstaða starfsmanna er fullnægjandi.
- Heimavistin er hlýleg og aðstaða heimavistarbúa góð.
- Mötuneytisaðstaða er hlýleg og fullnægjandi.

Tækifæri til umbóta

- Auka húsrými starfsbrautar og huga að meira rými fyrir nemendur og kennara í verknámshúsi.
- Bæta umgengni í verknámshúsi.
- Bæta netsamband á heimavist.
- Gera tölvuumsjón gagnsærri.

Umsögn ytri matsaðila um lykilárangur (styrkleikar/tækifæri til umbóta)

Það gildir um Fjölbautaskóla Norðurlands vestra sem aðra framhaldsskóla að vísbendingar þessa kafla (67–78) er erfitt að meta vegna skorts á tölulegum gögnum. Vinnuhópar skólans vegna ytra mats gera sér grein fyrir þessu og sleppa því að bregðast við tveimur þessara vísbendinga, 69 og 77.

Eina samanburðarrannsóknin sem fyrir liggur um brautskráningarhlutfall í íslenskum framhaldsskólum er skýrsla sem unnin var á vegum mats- og greiningarsviðs mennta- og menningarmálaráðuneytis um brautskráningar þeirra sem hófu nám á stúdentsnámsbrautum í framhaldsskólum árið 2007. Þá reyndust gögn frá FNV ekki vera nægilega góð til þess að vera tekin með. Engar rannsóknir eru til á því hvernig innrituðum nemendum í verknám vegnar.

Aðspurðir segja stjórnendur að skólinn hafi ekki reynt að mæla framlegð sína, þ.e. hversu vel nemendum miðar í gegnum námið, hver meðalnámstími þeirra er og hversu margir ljúka á skilgreindum tíma. Það kemur heim og saman við það að skólinn hefur hvorki sett sér markmið um brautskráningarhlutfall né heldur um ásættanlegar framfarir í námi. Á hinn bóginn er vitað hver meðalnámstími brautskráðra er sem er góður mælikvarði á nám þeirra sem ljúka skólanum með skilgreindum námslokum. Á stúdentsprófsbrautum var þessi námstími 7,6 annir og 7,3 í iðnnámi vorið 2018. Þær fyrrnefndu eru skipulagðar sem sex anna fullt nám en iðnnámið sem 5–6 anna nám.

Ástundun nemenda virðist vera talsvert ábótavant í FNV því mætingar í kennslustundir eru slakar hjá mörgum þeirra og enginn árangur hefur náðst í því að minnka brotthvarf frá námi (sjá töflur 5 og 6). Brotthvarfshlutfallið helst þó innan þess markmiðs, 6,6%, sem sett er í viðauka með gildandi skólasamningi.

Sex vísbendingar lúta að grunnþáttunum sex og það hversu vel nemendur hafi tileinkað sér þá. Þær er erfitt eða ómögulegt að meta af nákvæmni en samhljómur er með niðurstöðum vinnuhópa nemenda og starfsfólks FNV hvað þær varðar.

Þegar litið er til námsbrauta FNV er ljóst að sumir grunnþáttanna falla beint að nokkrum þeirra. Þar má nefna verknámsbrautir sem byggja á skapandi framlagi og hljóta jafnframt að taka mið af sjálfbærni og meðvitund fyrir umhverfi og umhverfismálum. Skólinn tekur ekki þátt í grænánaverkefni Landverndar en hefur sett sér skýra umhverfisstefnu sem hefur þau markmið að:

- efla skilning nemenda og starfsfólks á mikilvægi náttúrunnar og gildi þess að ganga vel um hana.
- auka þekkingu nemenda á náttúrunni og þeim gæðum sem fólgin eru í sjálfbærni og hófsamri nýtingu auðlinda hennar.
- hvetja nemendur og starfsfólk til að njóta þeirra náttúrugæða sem fólgin eru í nærumhverfi þeirra.
- hvetja nemendur til heilsusamlegs lífneris í sátt við sitt nánasta umhverfi.
- stuðla að góðri umgengni um umhverfið sem einkennist af virðingu og hófsemi.
- efla skilning nemenda og starfsfólks á vistsporum og áhrifum lífshátta þeirra á náttúruna.

Skólinn fylgir þessum markmiðum eftir á ýmsan hátt, s.s. með ábyrgri förgun spilliefna og innkaupum á umhverfisvænum hreinsiefnum. Úrgangur innan skóla er flokkaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins, led lýsing (ljóstvistar) er komin í mestallt húsnæði skólans, hreyfiskynjarar hafa verið settir upp til að stjórna lýsingu og nýir orkusparandi heitavatnslokar verið teknir í notkun.

FNV hefur verið þátttakandi í verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli frá árinu 2011 og í heilsustefnu hans er bæði lögð áhersla á hollt mataræði fyrir nemendur og starfsmenn í sameiginlegu mötuneyti og að í verslun nemenda sé einkum boðið upp á holla matvöru á borð

við ávexti og grænmeti. Heilsueflingarteymi er tilgreint á heimasíðu en engar upplýsingar eru um starfsemi þess.

Jafnréttisnefnd starfar í FNV og er hún einvörðungu skipuð starfsmönnum. Á heimasíðu eru tvær aðgerðabundnar jafnréttisáætlanir. Önnur þeirra tekur til starfsfólks en hin beinist að nemendum og skólanum sem menntastofnun. Engar skýrslur eða önnur gögn liggja fyrir á heimasíðu skólans um starf jafnréttisnefndar.

Skipulag nemendafélaga getur sagt nokkuð til um það hvort nemendur hafa tileinkað sér lýðræðislegar aðferðir, s.s. við val á einstaklingum til forystu. Í FNV fara fram kosningar til starfa á vegum nemendafélagsins og reynt er að fá frambjóðendur af sem flestum námsleiðum. Það hefur gengið misjafnlega og í reynd hafa bóknámsnemendur gegnt flestum forystustörfum innan félagsins um langt árabil. Núverandi stjórn þess er að góðum meirihluta skipuð stúlkum en upplýsingar um kynskiptingu í forystu skólafélagsins eða í nefndum á vegum þess til lengri tíma eru ekki til staðar.

Vinnuhópur skólans vegna ytra mats segir að vitneskja sé um að gott orð fari af brautskráðum nemendum úr verknámi og að samanburður á háskólastigi sé skólanum einnig hagstæður. Eftir stendur að skólinn fylgist ekki með reglubundnum hætti með því hvernig nemendum hans nýtist skólagangan að loknu stúdentsprófi af bóknámsbrautum og það eru ekki heldur nein óyggjandi gögn um það hvernig annað nám nemenda hefur nýst þeim á starfsvettvangi að lokinni framhaldsskólagöngu.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra hefur fitjað upp á mörgum nýjungum á starfstíma sínum. Í því sambandi er vert að minnast á helgarnám í húsasmíði og síðar einnig húsgagnasmíði sem hefur verið í boði síðan 2008 fyrir einstaklinga sem hafa reynslu af starfi í þessum greinum og hafa náð 23 ára aldri. Nemendur koma í skólann fimm til sex helgar á önn í fjórar annir og taka bæði bóklegar og verklegar greinar sem tengjast námsleiðunum tveimur beint. Almennar greinar taka þessir nemendur ýmist sem fjarnemar við FNV eða aðrar menntastofnanir. Þetta námsfyrirkomulag hefur gefist vel og á haustönn 2018 var farið af stað með tilraunaverkefni með Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum. Nemendur koma frá Eyjum og taka verklegar greinar í húsasmíði í þremur vikulöngum námslotum í FNV. Vannýtt heimavistarhúsnæði skólans gerir þetta samstarf mögulegt því nemendur búa þar meðan á námslotunum stendur. Stefnt er að helgarnámi í bifvélavirkjun en það hefur ekki verið tímasett enn.

Styrkleikar

- Markmið umhverfisstefnu FNV eru skýr og eftir þeim er unnið af hálfu skólans.
- Kosið er til trúnaðarstarfa innan nemendafélags FNV með lýðræðislegum hætti.
- FNV leitast með virkum hætti við að mæta þörfum fyrir nám sem þjónar ólíkum aldri, starfsreynslu og búsetu nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Setja markmið um brautskráningarhlutfall og ásættanlegar framfarir í námi á öllum námsbrautum.
- Bæta ástundun/mætingar nemenda.
- Vinna gæðamælikvarða sem taka til þess hversu vel tekst að vinna með grunnþætti menntunar í daglegu skólastarfi.
- Birta skýrslur heilsueflingarteymis og jafnréttisnefndar á heimasíðu skólans.
- Afla upplýsinga um raunverulegt gengi brautskráðra nemenda á næsta skólastigi og í atvinnulífi.

Viðauki: Heimildir og tilvísanir

Tölulegar upplýsingar um Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra í fyrri hluta skýrslunnar byggja aðallega á innsendum gögnum frá skólameistara, ársskýrslum og sjálfsmatsskýrslum skólans. Hér eru nefndar skriflegar og munnlegar heimildir og önnur gögn sem styðja beint við mat á einstökum þáttum í síðari hlutanum. Upplýsingar af heimasíðu eru ekki tilgreindar með vefslóðum og látið er nægja að flokka helstu heimildir eftir matsþáttunum fimm. Hvorki er vísað til ákveðinna rýnivíðtala við tiltekna vísbendingar vegna rekjanleika til nafngreindra einstaklinga né heldur er vísað til heimilda um mat á hverri þeirra fyrir sig. Um það hvernig skólinn stóð að eigin mati á einstökum vísbendingum vísast til inngangs skýrslunnar.

Mats- þættir	Heimildir
1–20: Stjórnun og skipulag	<i>Ársskýrsla FNV 2017.</i>
	Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson. (2014). <i>Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra: úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti.</i>
	Gögn frá skólameistara.
	Rýnivíðtöl við einstaklinga og hópa í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.
	SFR Stéttarfélag í almannajónustu. (2018). <i>Stofnun ársins 2018.</i>
	<i>Sjálfsmatsskýrsla 2018–2022.</i>
	<i>Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2017–2018.</i> – Í þessari skýrslu eru meðal annars niðurstöður áfangakannana, könnunar um nemendur og nám, könnunar meðal íbúa á heimavist og könnunar meðal starfsfólks um starfsumhverfi í FNV ásamt umbótaáætlun.
	<i>Skipurit, saga og sýn skólans.</i>
	<i>Skólanámskrá [Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra].</i>
	Skólasamningur FNV og mennta- og menningarmálaráðuneytis 2015–2019.
	Starfslýsingar starfsfólks í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.
Stefnuskjöl Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.	
21–43: Kennsla og náms- framboð	<i>Aðalnámskrá framhaldsskóla.</i>
	<i>Ársskýrsla FNV 2017.</i>
	Gögn frá skólameistara.
	<i>Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.</i>
	Rýnivíðtöl við einstaklinga og hópa í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.
	<i>Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2017–2018.</i>
	<i>Skólanámskrá [Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra].</i>
<i>Starfsmannastefna [Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra].</i>	
44–59: Samskipti og líðan	<i>Ársskýrsla FNV 2017.</i>
	Gögn frá skólameistara.
	<i>Nemendafélag [Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra].</i>
	Rýnivíðtöl við einstaklinga og hópa í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.
	<i>Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2017–2018.</i>
	<i>Skólanámskrá [Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra].</i>
	<i>Skólareglur [Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra].</i>
<i>Stjórn [Foreldrafélags Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra].</i>	

60–66: Húsnæði og aðbúnaður	<i>Ársskýrsla FNV 2017.</i>
	Gögn frá skólameistara.
	Rýniviðtöl við einstaklinga og hópa í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.
	<i>Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2017–2018.</i>
	<i>Skipurit, saga og sýn skólans.</i>
67–78: Lykil- árangur	<i>Ársskýrsla FNV 2017.</i>
	Gunnar J. Arnason. (2014). <i>Dreifing brautskráninga eftir útskriftartímabilum.</i>
	Skýrsla frá mats- og greiningarsviði mennta- og menningarmálaráðuneytis.
	Gögn frá skólameistara.
	<i>Heilsustefna [Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra].</i>
	<i>Jafnréttisáætlun [Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra].</i>
	Rýniviðtöl við einstaklinga og hópa í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.
	<i>Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2017–2018.</i>
	<i>Skólanámskrá [Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra].</i>
<i>Umhverfisstefna [Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra].</i>	

Akureyri 24. september 2018

Efni: Úttekt á starfsemi Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra

Eins og fram kemur í bréfi Menntamálastofnunar dags. 11.6.2018 er boðað til úttektar á Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og hefur okkur undirrituðum verið falið að annast úttektina. Markmiðið er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá framhaldsskóla. Úttektin verður byggð á fyrirbyggjandi gögnum, viðtölum við einstaklinga og hópa, auk vettvangsathugana.

Við óskum eftir góðu samstarfi við forystumenn skólans og starfsfólk og viljum í upphafi biðja um að tekin verði saman eftirtalin gögn og send til undirritaðra fyrir 20. október nk.:

- *Ársskýrslur 2016 og 2017.*
- *Sjálfsmatskýrslur 2016–2017 og 2017–2018.*
- *Gildandi skólanámskrá.*
- *Gildandi skólasamningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti ásamt upplýsingum um stöðu markmiða í viðauka.*
- *Upplýsingar um árlegan kennslutíma (skólaár 2016–2017 og 2017–2018).*
- *Upplýsingar um nemendur:*
 - *Fjöldi dagskólanemenda vor og haust 2014–2018 (sjá töflu 1 á fylgiblaði).*
 - *Hvaðan koma nemendur (póstnúmer) haust 2017 og haust 2018 (sjá töflu 2 á fylgiblaði).*
 - *Fjöldi dagskólanemenda á vorönn 2018 og haustönn 2018 eftir aldri og kynjum (sjá töflu 3 á fylgiblaði).*
 - *Þróun í innritun nýnemenda að hausti 2014–2018 (sjá töflu 4 á fylgiblaði).*
 - *Skipting dagskólanemenda á námsbrautir haust 2014–2018 greind eftir kynjum (sjá töflu 5 á fylgiblaði).*
 - *Meðalstærð námshópa vor og haust 2018.*
 - *Fjarvistarskráning nemenda haust 2017 og vor 2018 (sjá töflu 6 á fylgiblaði).*
 - *Brotthvarf nemenda vor og haust 2014–2018 (sjá töflu 7 á fylgiblaði).*
 - *Brautskráningar eftir námsbrautum 2014–2018 (sjá töflu 8 á fylgiblaði).*
- *Upplýsingar um starfsfólk:*
 - *Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum að hausti 2018 (sjá töflu 9 á fylgiblaði).*
 - *Starfsaldur kennara við a) FNV og b) aðra skóla.*
 - *Upplýsingar um starfsmannaveltu við skólann sl. fimm ár.*
 - *Fjöldi stundakennara, kennslutímar pr. viku, skipt eftir kynjum, haust 2017 og vor 2018.*
 - *Menntun kennara (sjá töflu 10 á fylgiblaði).*
 - *Eru kennarar skólans menntaðir í þeim greinum sem þeir kenna?*
- *Skipurit skólans.*
- *Námstími nemenda við brautskráningu 2018.*
- *Umfang forfalla kennara og forfallakennslu á vorönn 2018.*
- *Fjöldi kennslustunda sem nemendur urðu af vegna forfalla kennara á vorönn 2018.*
- *Upplýsingar um sérstakar áherslur sem skólinn leggur í námi og kennslu (t.d. í viðauka við skólasamning).*
- *Umbótaáætlun í ljósi ytri úttektar 2013 ásamt stuttu mati á hvernig til hafi tekist.*

Ef einhverjar ofangreindra upplýsinga liggja fyrir á vef nægir að vísa á þær þar.

Til frekari gagnaöflunar óskum við eftir því að fá að heimsækja skólann dagana 8. og 9. nóvember nk. Ef einhverjir meinbugir eru á því að taka á móti okkur þá daga biðjum við þig að láta okkur vita sem allra fyrst. Í heimsókninni vildum við eiga viðtöl við eftirtalda aðila eins og hér segir:

Fimmtudagur 8. nóvember

9:00-10:00	Skólameistari	
10:15-11:00	Deildarstjórar (8)	
11:10-11:40	Námsráðgjafi, deildarstjóri starfsbrautar	
11:50-12:20	Stjórn nemendafélags og félags- og forvarnarfulltrúar	
13:00-13:45	Rýnihópur nemenda (átta nemendur valdir af stjórn nemendafélags, 4 úr iðn- og starfsnámi og 4 úr list- og bóknámi).	
14:00-14:45	Rýnihópur kennara (8 kennarar úr iðn- og starfsnámi skv. ábendingu trúnaðarmanns kennara)	
15:00-15:45	Rýnihópur annars starfsfólks (óskað er eftir þátttöku eftirtalinna starfsmanna)	
	Umsjónarmaður fasteigna	Forstöðumaður mötuneytis
	Umsjónarmaður heimasíðu	Heimavistarstjóri
16:00-16:30	Formaður skólanefndar	

Föstudagur 9. nóvember

9:00-9:45	Sjálfsmatshópur
10:00-10:30	Forstöðumaður bókasafns
10:45-11:15	Fjármálastjóri og skólafulltrúi
11:30-12:15	Verkefnisstjórar dreifnáms og umsjónarmaður fjarnáms
13:00-13:30	Rýnihópur kennara (8 kennarar úr list- og bóknámi skv. ábendingu trúnaðarmanns kennara)
13:45-14:15	Formaður foreldrafélags
14:30-15:15	Aðstoðarskólameistari og áfangastjóri

Óskað verður eftir því við trúnaðarmann kennara að leita eftir þátttöku kennara í rýnihópum í samræmi við ofangreint og gera þeim viðvart um tímasetningu viðtala. Á sama hátt verður leitað eftir því við formann nemendafélags að fá nemendur í ofangreinda rýnihópa. Óskað er eftir því að skólameistari leiti eftir því við aðra viðmælendur að taka þátt í samræmi við dagskrá. Tekið skal fram að ef hagfelldara er fyrir skólann að hafa aðra uppröðun á viðtölunum er ekkert því til fyrirstöðu að breyta uppröðun þeirra í samráði við skólann.

Með bestu kveðju.

